

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 11 Haldinn föstudaginn 25. janúar 2019.

Viðstaddir:

Garðar Sigurgeirsson
Samúel Orri Stefánsson
Brynjar Þór Jónasson
Sveinn D.K. Lyngmo

Vestfirskir verktakar ehf.
Eftirlitsmaður verkkaupa.
Ísafjarðarbær.
Tækniþjónusta Vestfirðna ehf.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.10 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Búið að slá upp og steypa um 2/3 af útveggjum 1.hæðar.
Raflagnir og dósir settar í steypumót.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Stefnt er að því að rífa mót utan af útveggjum 28.janúar og halda áfram með uppslátt útveggja á 1.hæð. Einnig er stefnt á að klára að steypa útveggi 1.hæðar í viku 5. Slá á upp hluta af milliveggjum og steypa á næstu tveimur vikum.
Lagnavinna verður unnin samhliða mótauppslætti.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

- 1-2 rafvirkjar.
- 1-2 píparar.
- 3-4 verkamaður.
- 1-2 smiðir.
- 1 gröfumadur.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Neysluvatns – og ofnalagnir úr kjallara lagðar undir botnplötu 1.hæðar að hreinlætistækjum og ofnum.

Bætt var við 40 cm hreinsibrunn undir bílastæði framan við blokk og lögn sem tengist götulögn hliðrast aðeins frá útboðsteikningum.

Snjóbræðslulagnir fyrir útiplan voru lagðar í gólfplötu kjallara og út úr húsi.
Snjóbræðslulagnir fyrir ramp leggjast í ídráttarrör í steiptum kjallaraútvegg og í ramp.

2019

Vatnsdælur sem voru fyrirhugaðar í botn lyftugryfju detta út úr verki. Vatn rennur í gryfju inntaksklefa.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a) Aukaverk: Lögð voru rör í rör neysluvatnslagnir og ofnalagnir undir botnplötu 1.hæðar, sett inn á verkuppgjör nr. 5.
- b) Aukaverk: Bætt við hreinsibrunni undir bílastæði framan við blokk.
- c) Aukaverk: Ídráttarrörum (32 mm PEH) komið fyrir í steiptum kjallaraútvegg til að hægt sé að tengja snjóbræðslulögn í ramp.
- d) Aukaverk: Hólkum komið fyrir í botnplötu svo hægt sé að tengja stálofnalagnir ofan í gólfi þar sem rör í rör plastlagnir tengjast yfir í stálrör fyrir ofna.

12. Greiðslur.

Lagður hefur verið fram reikningur nr.5 að upphæð 10.751.500 kr.

Lagður hefur verið fram reikningur vegna aukaverks að upphæð 698.830 kr.

Lagður hefur veirð fram reikningur vegna raflagna að upphæð 1.017.151 kr.

Reikningar samþykktir.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 8. febrúar 2019 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.

Eftirlitsmaður verkkaupa.